

Umsókn um sjúkradagpeninga



Upplýsingar um félagsmann:

Nafn			Kennitala	
Heimili		Póstnr.	Staður	
Heimasími	Vinnusími	Farsími	Netfang	

Sótt er um dagpeninga úr sjúkrasjóði vegna:

Veikinda, slysa eða atvinnusjúkdóma

Langvarandi veikinda maka eða barna

Meðferðar v/áfengis-eða fikniefnasýki

Gögn með umsókn:

Læknisvottorð Vottorð launagreiðanda Skattkort

Læknisvottorð Vottorð launagreiðanda Skattkort

Læknisvottorð Vottorð launagreiðanda Skattkort

Umsækjandi veitir umboðsmanni sjúkrasjóðs hér með umboð til að afla fleiri gagna er varða umsóknina svo sem upplýsingar um staðgreiðslu, greiðslur frá TR, tryggingafélögum, lífeyrissjóðum eða öðrum stofnunum sbr.lög um meðferð persónuupplýsinga.

Umsækjandi samþykkir að mæta í viðtal hjá ráðgjafa starfsendurhæfingarsjóðs verði þess óskað.

Upplýsingar um bankareikning:

Banki/útibú	Hb	Reikningsnúmer
Dagsetning	Undirskrift félagsmanns	

Útfyllist af fulltrúa GRAFÍU

Upphafsdagur	Greiðsla á dag/ skipti	Dagafjöldi eða skipti	Lokadagur

Samstarf GRAFÍU og VIRK, starfsendurhæfingarsjóðs

Hlutverk Starfsendurhæfingarsjóðs er að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnu-
markaði vegna varanlegrar örorku, með aukinni virkni, eflingu endurhæfingar og öðrum úrræðum.

Þér stendur til boða viðtal hjá ráðgjafa sjúkrasjóðs.

Ráðgjafar hjá sjúkrasjóðum stéttarféлага veita einstaklingum aðstoð við að viðhalda og efla virkni til vinnu. Ráðgjafar sjúkrasjóðanna vinna í nánu samstarfi við viðkomandi einstakling, halda utan um mál hans og aðstoða hann við að fá nauðsynlegan stuðning ásamt þeim bótum sem hann á rétt á. Ráðgjafar sjúkrasjóðanna hafa einnig aðgang að ýmsum úrræðum og stuðningsaðilum sem veitt geta einstaklingum viðeigandi meðferð sem miðar að því að efla vinnugetu og varðveita vinnu-samband einstaklings.

Ráðgjafarnir starfa í nánu samstarfi við fjölbreyttan hóp sérfræðinga á vegum Starfsendurhæfingarsjóðs. Þeir starfa eftir ákveðnum vinnuferlum og reglum sjóðsins og fá víðtækan stuðning, fræðslu og aðstoð frá Starfsendurhæfingarsjóði.

Sem dæmi um þennan stuðning má nefna:

- Ráðgjöf og hvatningu sem tekur mið af aðstæðum einstaklings
- Mat á starfshæfni sem tekur mið af bæði heilsufarslegum og félagslegum þáttum
- Aðstoð við gerð og eftirfylgni einstaklingsbundinnar áætlunar um aukna virkni, heilsueflingu og endurhæfingu
- Aðstoð og leiðbeiningar til að tryggja sé að viðkomandi einstaklingur fá það sem honum ber innan kerfisins
- Aðstoð frá sérfræðingum eftir mat á stöðu einstaklings hverju sinni. Hér getur t.d. verið um að ræða aðstoð lækna, sálfræðinga, iðjupjálfa, sjúkráðgjafa, félagsráðgjafa, náms- og starfsráðgjafa o.s.frv.
- Aðstoð í formi stuðnings til náms sem hefur það að markmiði að auka vinnugetu einstaklings
- Aðstoð í formi skipulagðrar starfsendurhæfingar þar sem einstaklingurinn, atvinnurekandinn og mismunandi fagaðilar vinna saman við að finna leiðir til aukinnar vinnugetu

Hjá Starfsendurhæfingarsjóði er farið með allar upplýsingar um einstaklinga sem trúnaðarmál og í samræmi við ákvæði laga og reglna um persónuvernd. Strangar öryggisreglur gilda um öll vinnuferli, upplýsingaöflun, meðhöndlun og vistun gagna.

Vertu því viðbúin/n að fá símtal frá ráðgjafa sjóðsins.

Alda Ásgeirsdóttir
Borgartúni 30, 105 Reykjavík
Sími: 535-6012
alda@lifeyrir.is